

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar vegna þjóðaratkvæðagreiðslu 29. ágúst 2026

Utankjörfundaratkvæðagreiðsla, vegna þjóðaratkvæðagreiðslu um hvort hefja eigi á ný aðildarviðræður við ESB, er hafin á skrifstofu sýslumannsins á Suðurnesjum að Vatnsnesvegi 33, Reykjanesbæ.

Unnt er að greiða atkvæði utan kjörfundar á afgreiðslutíma sýsluskrifstofu, sem er alla virka daga frá klukkan 08:30 til 15:00.

Lokað verður 3. ágúst, frídag verslunarmanna.

Frá og með 15. ágúst og fram á kjördag verður einnig unnt að kjósa utan kjörfundar til klukkan 19 á virkum dögum og frá klukkan 10 til 14 á laugardögum.

Á kjördag, 29. ágúst, verður opið fyrir kosningu hjá sýslumanni frá klukkan 10:00 til 14:00, en þann dag verða kjósendur sjálfir að koma atkvæði sínu til skila.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar á sjúkrahúsum og hjúkrunar- og dvalarheimilum aldraðra í umdæminu verður auglýst síðar, á viðkomandi stöðum.

Kjóсандi, sem ekki getur sótt kjörfund á kjördegi vegna sjúkdóms, fötlunar eða barnsburðar, getur óskað þess að greiða atkvæði í heimahúsi. Umsókn studd vottorði þarf að hafa borist sýslumanni eigi síðar en kl. 10:00 þann 27. ágúst 2026.

Vakin er athygli á að kjósendur geta kosið utan kjörfundar á hvaða skrifstofu sýslumanns sem er.

Afgreiðslutíma þeirra má sjá á vef sýslumanna, www.syslumenn.is. Kjósendur skulu framvísa gildum persónuskilríkjum (ökuskiirteini, vegabréfi eða nafnskiirteini).

Sýslumaðurinn á Suðurnesjum
27. júlí 2026
Ásdís Ármannsdóttir

